

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)

Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (Laut)

Pórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Sigurður R. Karlsson (þjónustumiðstöð)

Daníel Júlíusson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Ásmundur Jónsson (slökkviliðið)

1. Skipun nefndar - fulltrúi slökkviliðs

Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri kemur inn í nefndina sem vinnuverndarvörður slökkviliðsins. Nefndin býður Ása velkominn til starfa.

2. Hjartastuðtæki fyrir stofnanir bæjarins

Nefndin tekur upp eldra mál sem hefur verið á borði hennar frá árinu 2015. Illa hefur gengið að fylgja eftir áætlun um hjartastuðtækjavæðingu stofnanna bæjarins. Nefndin mun afla nýrra tilboða og leggja til nýja áætlun við bæjarráð. Nefndin ítrekar að klára þessi mál án tafar, úrlausn þess þolir enga bið.

Úr fyrri bókun:

Samþykkt að hjartastuðtækin fari í þessari röð:

2016-17 Miðgarður/Túngata

2017-18 Grunnskóli Grindavíkur við Ásabraut og Hópsskóla, Leikskólinn Laut

2018-19 Bæjarskrifstofur/skólaskrifstofa, Grindavíkurhöfn

2019-20 Þjónustumiðstöð og tjaldsvæðið.

Alls 9 tæki sem þarf að kaupa

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 14:15

Næsti fundur boðaður 7. júní